

vöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 31% frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% frá þeim degi til 1. júní 1981 og 37% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 5. júní 1984.

Nr. 112/1984. **Ákærvaldið**

gegn

Steinari Guðmundssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 30. maí 1984, er barst Hæstarétti 1. júní, og krafist þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldið verði stýtt. Af hálfu ákærvaldsins er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að taka til greina kröfu þá, sem gerð var af ákærvaldsins hálfu fyrir saka-dómi Reykjavíkur 29. maí, að varnaraðili skuli sæta gæsluvarðhaldi, uns dómur gengur í máli því, sem höfðað var sama dag gegn honum, þó eigi lengur en til miðvikudagsins 3. október 1984, kl. 17.

D ó m s o r ð:

Varnaraðili, Steinar Guðmundsson, sæti gæsluvarðhaldi, uns dómur gengur í ofangreindu máli hans, en þó eigi lengur en til miðvikudagsins 3. október 1984, kl. 17.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 30. maí 1984.

Ár 1984, miðvikudaginn 30. maí, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem yfirsakadómar, kveðinn upp úrskurður þessi.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að gæsluvarðhald það, sem ákærða, Steinari Guðmundssyni, f. 4. apríl 1947, til heimilis að Njálsgötu 48 A hér í borg, var gert að sæta 4. apríl sl. og rennur út kl. 17 í dag, verði með vísan til 1. mgr. 4. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974 framlengt allt til 3. okt. nk., kl. 17, á meðan á meðferð málsins stendur fyrir dómi og fram til dómsuppsögu. Ákærði hefur mótmælt kröfunni.

Ríkissaksóknari hefur hinn 29. þ.m. gefið út ákæru á hendur ákærða. Er ákærða gefið að sök að hafa svipt Guðmundu Gísladóttur lífi í húsinu Njálsgötu 48 A hér í borg þriðjudaginn 31. jan. sl. og þar með orðið brotlegur gegn 211. gr. alm. hgl. nr. 19, 1940.

Ákærði hefur viðurkennt, að Guðmunda hafi beðið bana í átökum við hann framangreint sinn. Hefur ákærði skýrt frá því, að tildrög átakanna hafi verið þau, að Guðmunda hafi ætlað að fara brott frá honum. Hann hafi viljað hindra það og kippt í trefil, sem hún var með vafinn um hálsinn. Kveðst ákærði hafa togað í trefilinn, en Guðmunda streist á móti. Hafi hann dregið hana niður og togað í trefilinn, uns Guðmunda hætti að veita mótspyrnu. Ákærði hélt, að liðið hefði yfir hana, en kveður sér fljótlega hafa orðið ljóst, að hún var látin.

Lík Guðmundu var krufið, og segir í krufningarskýrslu, að samkvæmt upplýsingum rannsóknarlögreglu og því, er fannst við krufninguna, virðist ljóst, að Guðmunda hafi verið kyrkt og köfnun hafi verið dánarorsök.

Hannes Pétursson, yfirlæknir framkvæmdi rannsókn á geðheilbrigði ákærða. Er ákærði sakhæfur að áliti læknisins.

Ákærði er sakaður um brot gegn 211. gr. alm. hgl. nr. 19/1940. Samkvæmt því þykir rétt með tilvísun til 4. tl. 1. mgr. 67. gr. l. nr. 74/1974 að taka kröfu ákæruvaldsins til greina um, að ákærði skuli sæta gæsluvarðhaldi allt til 3. okt. nk., kl. 17.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Ákærði, Steinar Guðmundsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til 3. október 1984, kl. 17.